

Borgarstjórn
16. október 2018

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um óháða rannsókn vegna Hlemms Mathallar

Borgarstjórn samþykkir að óháður aðili rannsaki hvers vegna framkvæmdir við endurbætur á Hlemmi Mathöll, Laugavegi 107, fóru langt fram úr kostnaðaráætlunum. Til grundvallar rannsókninni verði athugað hverjir höfðu umsjón með verkefninu, gáfu heimildir fyrir framúrkeyrslunni, hvort verkefnið hafi verið boðið út og hvaða verktakar unnu að verkinu. Jafnframt skal rannsakað hvort leigusamningur og leiguverð standist skoðun og sé í samræmi við markaðsverð.

Greinargerð:

Kostnaðaráætlun upp á 99 milljónir er kynnt í febrúar 2016 til endurbóta á Laugavegi 107 eða Hlemm eins og við þekkjum það og gerður var samningur við rekstraraðila samhliða. Starfsemi Mathallar skyldi hefjast síðla sama ár. Raunin varð að starfsemi hófst ári síðar, eða í ágústmánuði 2017.

3.júlí 2018 kemur fram í dagsljósið að kostnaður sem átti að vera 99 milljónir er orðinn 308 milljónir. Og enn skal bætt í, því samkvæmt óstaðfestum heimildum skal nú endurbæta loftræstikerfi fyrir u.þ.b. 25 milljónir til viðbótar og verður kostnaður þá orðinn 333 milljónir. Full ástæða er til mál þetta verði rannsakað af óháðum aðila enda ljóst að biðtími hjá IER er óviðunandi í jafn brýnu máli og hér um ræðir.

IER hefur nú þegar á höndum rannsókn á Braggamáli, sem að mörgu leyti er sambærilegt, þ.e. áætlanir standast engan veginn og skattfé borgaranna er sólundað stjórnlaust.

Til glöggvunar um rauntíma í afgreiðslu mála af þessu tagi hjá IER má nefna enn eitt dæmið, Írabakka 2-16, en líkt og í Braggamáli og Hlemmur-Mathöll máli standast áætlanir engan veginn:

Kostnaðaráætlun upp á 44 milljónir endar í 728 milljónum! Þrátt fyrir gríðarlegan alvarleika þess máls tók það IER rétt um tvö og hálf ár að skila niðurstöðu. Málið er sent IER í maí 2016 og niðurstöðu skilað nýverið, þ.e. tveimur og hálfu ári síðar.

Borgarbúar geta ekki lengur sætt sig við slíka meðferð á sjóðum sínum. Mörg brýn verkefni bíða úrvinnslu, verkefni sem þola enga bið.

Nú er það svo, eins og sjá má á meðfylgjandi myndum, að það er æðsti stjórnandi borgarinnar, Dagur B. Eggertsson sem í eigin persónu undirritar téða samninga. Það verður því að teljast fáheyrt að borgarstjóri skuli ætla að víkja sér undan ábyrgð með því að benda í allar áttir og jafnvel vega að starfsheiðri fólks.

Það nefnilega svo að jafnt og orðum fylgir ábyrgð, þá fylgir undirskrift ábyrgð. Mikil ábyrgð.

Þegar upp koma jafn alvarleg mál og hér um ræðir bera þeir einir ábyrgð sem að málum komu. Þeir sem á eftir koma verða hins vegar að gera sér grein fyrir því, að með því að bregðast ekki við af fullum þunga, heldur þvert á móti verja gjörningana gera þeir sjálfa sig samábyrga. Hér í salnum er því fólk sem þarf að hugsa sinn gang, það er hverjum manni ljóst.

Miðflokkurinn er hér í umboði borgarbúa, fyrir borgarbúa og með þann tilgang einan að verja hagsmuni borgarbúa og mun í engu kvika frá þeirri skyldu sinni að haga málflutningi sínum og atkvæðagreiðslum með þá staðreynd og eigin sannfæringu að leiðarljósi. Það er skylda allra kjörinna borgarfulltrúa.

Miðflokkurinn áréttar að því fer fjarri að hér sé um einstæð mál að ræða og mun á næstu vikum og mánuðum leggja fram hvert málið á fætur öðru sambærileg þeim sem hér eru til umræðu. Það er því rétt að enda þetta með tilvitnun með leyfi forseta: Winter is coming!